

FÉLAG DÖNSKUKENNARA
FORENINGEN FOR ISLANDSKE DANSKLÆRERE
PÓSTHÓLF 8112 - 128 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 118 /307
komudagur 2 /12 1994

Reykjavík, 30 nóvember, 1994

Til menntamálanefndar Alþingis

Með bréfi til Félags dönskukennara, dags. 10. nóv. 1994, biður Menntamálanefnd félagið um umsögn við frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Mikil vinna hefur verið lögð í umfjöllun um skýrslu Nefndar um mótun menntastefnu og frumvörp um grunn- og framhaldsskóla af hálfu beggja kennara-félaganna og hafa þessar umsagnir verið sendar Menntamálanefnd.

Stjórn Félags dönskukennara tekur undir umsagnir þessar. Sem faggreinafélag kennara leggjum við þyngri áherslur á sum atriði sem koma okkar sérgrein sérstaklega við. Í því sambandi vísum við til ályktunar og bréfa sem menntamálaráðherra og Nefnd um mótun menntastefnu hafa verið send og við sendum menntamálanefnd hér með í afriti.

Með kveðju,
f.h. Félags dönskukennara,



Kirsten Friðriksdóttir
formaður

Reykjavík, 10. október 1994

Til Nefndar um mótun menntastefnu,
Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður

Félag dönskukennara sendi yður bréf í júní sl. þar sem varað var við því að gera dönsku að öðru erlendu tungumáli á eftir ensku.

Eftir að það bréf var sent kom út skýrsla frá "Nefnd um mótun menntastefnu" ásamt drögum að frumvörpum til laga um grunnskóla. Viljum við gera nokkrar athugasemdir við skýrsluna og frumvarpsdrögin.

Í skýrslunni eru nokkur atriði, sem ber að fagna. Sérstaklega tókum við undir tillögur nefndarinnar um það, að reiknað er með að *fagkennarar* beri ábyrgð á tungumálakennslu í *öllum* árgöngum, skipulag verði endurskoðað og dönskukennslan bætt. Má skilja það á skýrslunni að kennslustundir á viku verði minnst fjórar.

Í skýrslunni er talað um þrjár kjarnagreinar, þ.e. íslensku, stærðfræði og ensku. Á bls. 34 segir: "**Kjarnagreinar grunnskóla verði íslenska, stærðfræði og enska. Mótun verði heildarstefna í kennslu þessara greina.**" Það er nýtt að skilgreina einhverja námsgreinar í grunnskóla sem greinar, sem eigi að hafa algera sérstöðu. Íslenska er mjög mikilvæg grein í skólanum og um það er skólafólk sammála. En íslenska er ekki "kjarnagrein" í þeim skilningi sem Nefnd um mótun menntastefnu leggur til. Hún er ekki skilgreind sem kjarnagrein í núverandi grunnskólalögum, ekki í Aðalnámsskrá frá 1989 og ekki í reglugerð um námsmat. Hún er skilgreind sem hluti af kjarna í viðmiðunarstundaskrá og þá í þeim skilningi að námsgreinar íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og íþróttir skuli allir nemendur í 10. bekk grunnskólans taka.

Hér er því um nýjung að ræða, og hvorki í hópi skólafólks né meðal almennings hefur farið fram umræða um eftirtalin atriði:

- hvort ástæða sé til að setja einhverjar námsgreinar skör ofar en aðrar
- hversu margar þær eigi að vera eða
- hvaða greinar það ættu að vera.

Það er ekkert sjálfgefið að námsgreinar íslenska, enska og stærðfræði verði kjarnagreinar.

Danska sem námsgrein í íslenskum skólum hefur haft ákveðinn sess í hugum Norðurlandabúa sem fyrsta erlenda tungmál á Íslandi. Það hefur veitt okkur ákveðin fríðindi, sem hugsanlega glatast ef danska missir þá stöðu, sem hún hefur lengst af haft í námskrá. Þar má ma. nefna

-að íslenskir stúdentar hafa jafnan rétt og Danir sjálfir til inngöngu í danskar menntastofnanir, þe. þeir *þurfa ekki* að taka inntökupróf í dönsku (Danskprøve I), sem aðrir útlendingar *verða* að taka. Þetta atriði getur sparað hálf ári í námi.

-að fjármagn til endurmenntunar kennara frá dönskum aðilum hefur gert mörgum kleift að sækja námskeið til Danmerkur í ríkari mæli en ella, íslenskt fjármagn hefur hvergi nærri hrokkið til nauðsynlegrar endurmenntunar.

-að fjármagn til námsefnisgerðar hefur fengist frá Norrænu ráðherranefndinni í gegnum Nordmál-áætlunina.

Full ástæða til að fara að öllu með gát varðandi breytingar á vægi námsgreina innbyrðis, sem og breytingar á því hvenær á ferli nemanda einstakar námsgreinar eru kenndar. Einnig er mikilvægt, að bæði skólafólk og almenningur eigi þess kost að ræða alla þessa hluti og koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áður en til laga- og reglugerðabreytinga kemur.

Treystum við því, að hér verði skynsemin látin ráða ferðinni, og að breytingar verði ekki gerðar breytinganna vegna.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags dönskukennara,

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

Afrit sent til:
Menntamálaráðherra,
Kennarasambandi Íslands
Hinu íslenska kennarafélagi
STÍL, samtökum tungumála-
kennara á Íslandi

Reykjavík, 6. júní 1994

Menntamálaráðherra
Ólafur G. Einarsson

Á ráðstefnu STÍL (Samtök tungumálakennara á Íslandi) sem haldin var í Borgartúni 6 þann 9. apríl 1994 kom fram í framsöguerindi Ólafs G. Einarssonar menntamálaráðherra, að fyrirhugaðar væru verulegar breytingar á dönskukennslu í grunnskólum. Almennur félagsfundur Félags dönskukennara, haldinn 24. maí 1994, vill því leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Dönskukennsla verði ekki minnkuð frá því sem nú er. Norræn menning á í vök að verjast vegna hinna engilsaxnesku áhrifa. Verði Norðurlandamálum ýtt til hliðar til þess að auka svigrúm ensku í íslenskum skólum er hætt á að með því sé vegið að rötum íslenskrar menningar. Þá yrði enn torveldara en nú er orðið að treysta tengsl barna og unglínga við hinn samnorræna menningararf. Í því sambandi skal og minnt á stefnu Háskólans í ritinu Undirbúningur náms við Háskóla Íslands (Kennslumálanefnd, maí 1987) en þar segir um Norðurlandamál:

"Vegna hefðbundinna tengsla okkar við Norðurlönd eru ýmis gögn á Norðurlandamálum notuð við Háskóla Íslands. Þess vegna þurfa nemendur skólans að kunna nægileg skil á þessum málum til að geta nýtt sér slík gögn. Þessi krafa á við um allar námsbrautir Háskólans nema brautir í öðrum erlendum málum".

Einnig má benda á að nú, þegar Norðurlönd eru eitt námssvæði munu sífellt fleiri íslenskir námsmenn stunda nám á Norðurlöndum, þar sem kunnátta í norrænum málum er frumskilyrði.

Félagsfundurinn vekur einnig athygli á að danska er eitt af opinberum tungumálum innan Evrópusambandsins. Því mun dönskukunnátta áfram nýtast Íslendingum í þeirri þróun sem nú á sér stað í Evrópu. Það er jafnframt ljóst að Norðurlönd munu áfram mynda eina heild félagslega og menningarlega og það er mat manna að samvinnan milli Norðurlanda verði áfram mjög mikilvæg, ekki síst í tengslum við Evrópusambandið.

2. Fundurinn telur að danska eigi áfram að vera fyrsta erlenda tungumálið. Dönskukennsla er hefð sem hvílir á sögulegum grunni og stuðlar að því að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu. Þó skal minnt á að öll norræn mál eru jafngild í þessu tilliti.
3. Ef dönskukennsla verður færð úr 6. í 7. bekk mun það námsefni fyrstu námsára sem er fyrir hendi ekki höfð til þessa aldurshóps og þarf þá talsvert af nýju námsefni að koma til. Nýtt námsefni yrði bæði kostnaðarsamt og tímafrekt í vinnslu. Fundurinn vill í því sambandi benda á að nýlokið er endurskoðun á byrjendanámsefni fyrir 6. bekk og næsta haust kemur út nýtt námsefni fyrir 8. bekk sem vegna hugsanlegra breytinga á dönskukennslu yrði þá ónothæft.
4. Ef gera á breytingar á skipan dönskukennslu á grunn- og framhaldsskólastigi er nauðsynlegt að vinnu við námsskrá sé lokið áður en breytingin tekur gildi. Mikilvægt er að til sé námsskrá frá byrjendakennslu til lokaprófs í dönsku þannig

FÉLAG DÖNSKUKENNARA

FORENINGEN FOR ISLANDSKE DANSKLÆRERE
PÓSTHÓLF 8112 - 128 REYKJAVÍK

að námið myndi heildstætt námsferli. Ekki er síður mikilvægt að hlúð sé vel að byrjendakennslu í erlendu tungumáli bæði hvað varðar námsefni, tímafjölda og sérmenntun kennara við byrjendakennslu. Fundurinn vill einnig vekja athygli á því að sérfróðir aðilar telja óráðlegt að fara af stað með færri en 4 vikustundir á fyrsta ári í erlendu tungumáli.

Virðingarfyllt

Stjórn Félags dönskukennara

Kirsten Friðriksdóttir

Kirsten Friðriksdóttir
formaður

Magnús V. Magnússon

Magnús V. Magnússon
varaformaður

Ellen Svavarsdóttir

Ellen S. Svavarsdóttir
gjaldkeri

Hafdís Ágústsdóttir

Hafdís Ágústsdóttir
ritari

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Kristín Jóhannesdóttir

Kristín Jóhannesdóttir

Pórhildur Oddsdóttir

Pórhildur Oddsdóttir

Afrit sent:

Alþingi Íslendinga, menntamálanefnd

Nefnd um mótun nýrrar menntastefnu

Menntamálaráðuneytið, deildarstjóri grunnskóladeildar

Menntamálaráðuneytið, deildarstjóri framhaldsskóladeildar

Kennarafélag Íslands, skólamálaráð

Hið íslenska kennarafélag, skólamálanefnd

Félag enskukennara

Á fjölmennum fundi fag- og deildarstjóra í dönsku sem haldinn var 4. nóvember 1994 á vegum Félags dönskukennara var samþykkt eftirfarandi ályktun:

Fundurinn fer fram á að danska verði talin til kjarnagreina í frumvarpi til nýrra grunnskólalaga og verði sem fyrr prófgrein til samræmdra prófa í grunnskóla.

Norðurlönd eru eitt menntunarsvæði og ef þáttur dönsku í íslensku menntakerfi verður rýrari en nú er, er hætt við að háskólar á Norðurlöndum muni krefjast þess að Íslendingar taki inntökupróf. Einnig telur fundurinn mikilvægt að danska verði áfram kennd á starfsmenntabrautum framhaldsskóla þar sem Norðurlönd eru það svæði sem flestir Íslendingar sækja sér framhalds- og eða starfsmenntun á.

Milli Norðurlanda er mikil samvinna stéttarféлага og getur verið hætt á að Íslendingar einangrist hafi þeir ekki gott vald á einu norrænu tungumáli. Ennfremur má benda á að erlendir ferðamenn frá Norðurlöndum eru um 40.000 á ári og fer fjölgandi. Því er nauðsynlegt fyrir Íslendinga á öllum sviðum þjóðfélagsins að vera vel að sér í að minnsta kosti einu Norðurlandamáli.

Fundurinn fer fram á við ráðamenn þjóðarinnar að áður en ráðist er í stórfelldar breytingar á stöðu dönsku í íslensku menntakerfi verði gerð úttekt á því hversu mikil samskipti eru á milli Íslands og Norðurlanda á sviði menntunar, menningar, verslunar, vísinda og iðnaðar. Ennfremur að hugað verði að því hvaða afleiðingar það hefði á þjóðarsálina, þ.e. sjálfsvitund Íslendinga, menningu og hugsunarhátt ef áhersla á norræna menningu og tungumál minnkaði.

Sent:
Þingmönnum á Alþingi Íslendinga,
fjölmíðlum